

# **Skólaráðsfundur 10. feb. 2015**

Fundur settur kl. 15:30 í rauða fundarherbergi.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri miðstigs

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri miðstigs og staðgengill skólastjóra, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi kennara, Sigrún Halldórsdóttir varamaður annarra starfsmanna skólans, Þórhallur Ingi Jóhannsson fulltrúi foreldra og Ólöf Kristín Sívertsen fulltrúi foreldra, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ísak Ólason fulltrúi nemanda og Katla Sif Friðriksdóttir fulltrúi nemanda.

Forföll boðuðu: Freyja Ólafsdóttir fulltrúi kennara veik.

Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna boðaði forföll og kom varamaður hennar inn í staðinn.

## **Dagskrá fundarins:**

### **1. Niðurstöður eineltiskönnunar í 5. – 10. bekk**

Gunnhildur Harðardóttir, deildarstjóri sérkennslu og mats fór yfir niðurstöður. Stelpum í skólanum virðist almennt líða verr en drengjum í skólanum. Þessi vanlíðan hjá stelpunum liggur fyrst og fremst á elsta stigi. 9 nemendur segjast vera lagðir í einelti og allir segjast hafa látið vita sem er ánægjuleg breyting. Stelpur virðast frekar vera bæði þolendur og gerendur. Mikið hefur verið unnið með einelti í skólanum og virðast kennarar fyrr grípa inn í og ræða við nemendur sem er líklegir sem gerendur.

Senda link á forelda hvar allar kannanir sé að finna á netinu þegar þessi könnun er komin inn á netið.

### **2. Skóladagatal 2015 – 2016**

Jóhanna fór yfir tillögur að skóladagatali fyrir næsta skólaár. Umræða um hvort að það eigi að hafa viku vetrarfrí eins og dagatalinu er stillt upp eða fleiri smærri frí. Fundarmenn til í að prófa þetta fyrirkomulag á næsta ári og biðja þá foreldra að stilla fríin sín inn á þetta tímabil í október. Þórhallur hefði viljað ræða þetta betur fyrst við aðra foreldra og foreldrafélagið.

### **3. Fyrirhugaðar breytingar á Baugshlíð**

Jóhanna fór yfir á teikning þær breytingar sem eru fyrirhugaðar m.a. verður stoppustöðvar strætó færðar til, þverun og göngustígur við miðju skólans fjarlægð og gönguljós sett nær Þrastarhöfða og íþróttahúsi.

### **4. Framkvæmdir í Höfðabergi**

Ný starfsmannaaðstaða og vinnuherbergi komið í notkun þar síðan í síðustu viku. Síðasta tengibyggingin kemur síðan eftir rúma viku. Heimilisfræðiaðstaða verður sett upp þar sem

starfsmannaðstaða var áður. 4 stofur fara svo héðan á næsta ári yfir á Höfðabergi. Verið að skoða deiliskipulag betur og bílastæðamælin sem þarf að bæta.

#### **5. Fréttir af félagsstarfi nemenda**

Það er Rósaball í kvöld, árshátíð í næsta mánuði og búið að panta uppistandara, þemað verður Hollywood. Söngleikurinn Thriller verður svo sýndur eftir páska. Skíðaferð 23. feb. ef veður leyfir, sameiginlegt ball með Bólinu og Varmárskóla fljótlega. Mæting ekki nógu góð í Bólið þó að starfsmenn þar vilji allt fyrir þau gera og standi sig betur en í fyrra. Lýðræðisfundir í umsjón bekkjarkennara verða fljótlega. Var gert í fyrra og tókst vel.

#### **6. Önnur mál**

Pétur vakti máls á slagsmálasíðum sem ganga í lokuðum hópum á Facebook. Það hefur sem betur fer ekki borið neitt á þessu í Mosó.

Þórhallur spyr hver staðan sé á nýju heimasíðunni. Jóhanna sýnir hvernig staðan sé á henni núna og útlit hennar. Verið er að vinna í því að færa gögn á milli.

Næsti fundur 24. mars.

Fundi slitið kl. 16:55